



Ferðamálastofa

Lækjargata 3 • 101 Reykjavík
Sími 535 5500 Fax 535 5501
Netfang: upplýsingar@icetourist.is

Strandgata 29 • 600 Akureyri
Sími: 464 9990 Fax: 464 9991
Netfang: upplýsingar@icetourist.is

Alþingi
Erindi nr. Þ 135/1022
komudagur 10.1.2008

Akureyri 9. janúar 2007

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

**Efni: Tillaga til þingsályktunar, um friðlandið í Þjórsárverum og verndun Þjórsár.
135. löggjafarþing Þskj. 48 - 48. mál. Umsögn.**

Ferðamálastofa tekur ekki beina afstöðu til þingsályktunartillögunar, en veitir umsögn á forsendum atvinnugreinarinnar byggða m.a. á viðhorfum ferðafólks, sem fengnar eru með könnunum Ferðamálastofu.

Ferðapjónusta á Íslandi byggir að miklu leyti á náttúrulegum gæðum. Samkvæmt könnunum meðal ferðafólks er það náttúra landsins sem ræður hvað mestu um að Ísland verði fyrir valinu sem áfangastaður, eða í 75-80% tilfella.

Í kynningu og ímyndarsköpun hefur ferðapjónustan á Íslandi lagt áherslu á hreinleika og lítt snortna náttúru landsins. Til að þessi ímynd verði trúverðug er mikilvægt að horft sé til ýmissa þátta, m.a. almenna stefnu varðandi náttúruvernd, auk heildarmynda vistkerfa og landslagsheilda. Einnig er mikilvægt fyrir ímynd landsins út á við að fá staðfestingar frá alþjóðlegum stofnunum og samtökum um verndunaraðgerðir og það er allt sem bendir til þess að þessi þáttur eigi eftir að verða mikilvægari þegar fram líða stundir.

Fyrir ferðapjónustu má gera ráð fyrir að það dragi úr trúverðugleika þeirrar ímyndar sem greinin vill standa fyrir verði mikil inngríp í náttúruna, í þessu tilfalli vegna röskunar Þjórsárvera. Að auki er rétt að gæta ýtrustu varúðar við röskun á vistkerfum, þar sem slíkt getur haft víðtækar afleiðingar, jafnvel langt utan viðkomandi svæðis.

F.h. Ferðamálastofu

Valur Þór Hilmarsson, umhverfisfulltrúi.